SAMFÉS

Plúsinn

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

SAMFÉS

PLÚSINN

SamfésPlús er nýtt verkefni sem fór af stað á haustmánuðum árið 2020 í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Menntamálaráðaneytið.

Verkefnið gengur út á að vera viðbót við það frábæra starf sem þegar er í gangi fyrir þennan aldurshóp, með því að skapa tengingar milli aðila og auka sýnileika á starfi allra aðildarfélaga Samfés á landsvísu.

Með því að nýta okkur sérstöðu Samfés, sem landssamtök breiðs hóps samstarfsaðila sem vinna með ungu fólki, verður SamfésPlús, eða Plúsinn eins og verkefnið er kallað í dag, miðstöð hugmynda og þekkingar og skapar þannig góðar aðstæður fyrir grasrótar- og faglegt starf.

Fyrstu skref verkefnisins fór að mestu af stað rafrænt, þar sem byrjað var með hlaðvarp, netþátt, haldnir reglulegir fundir með starfsfólki á vettvangi, opnuð var rafræn félagsmiðstöð, haldnir viðburðir svo eitthvað sé nefnt.

FYRIR HVERJA

Plúsinn er fyrir ungt fólk, fagfólk sem starfar með ungu fólki, erlent samstarf, unga frumkvöðla og alla þá sem þyrstir í samstarf og aukið samtal. Fyrir þá sem vilja þróa, halda eða sækja námskeið.

Tilgangur verkefnisins er að ná til ungs fólks á öllu landinu og tryggja samræmt faglegt og margþætt forvarnastarf til að draga úr neikvæðum langtíma afleiðingum Covid-19 á líf og heilsu ungs fólks til framtíðar.

FYRIR UNGT FÓLK

FYRIR FAGFÓLK

SAMFÉS

NÆSTU SKREF

Farið er af stað samstarf á milli Samfés og Bergsins þar sem það er trú okkar, sem að samstarfinu stöndum, að tilgangi og megin markmiðum verkefnisins verði betur náð með því að allir sem vinna með og að málefnum ungs fólks samræmi störf sín og miðli þekkingu og tengslaneti sín á milli. Með samstarfi Samfés og Bergsins Headspace fær Plúsinn til sín þekkingu og reynslu af margvíslegri ráðgjöf og Bergið Headspace fær beinna aðgengi að ungu fólki um allt land. Samstarfið mun spara fjármuni sem þá nýtast frekar í uppbyggingu verkefna og ráðgjafar til handa ungu fólki.Samstarfið gengur því út á að ná til alls ungs fólks á landinu, tryggja samþættingu og efla faglegt og margþætt forvarnarstarf og snemmtæka íhlutun til að bæta andlega heilsu, virkni og styrk ungs fólks til framtíðar.

Það er sérstaklega mikilvægt að fara af stað núna til að draga úr neikvæðum langtíma afleiðingum Covid-19 á líf og heilsu ungs fólks til framtíðar.

Markhópurinn er allt ungt fólk á Íslandi á aldrinum 13-25 ára. Einnig viljum við tengja, byggja brýr, tryggja virkni og efla starfið sérstaklega með 16-18 ára ungmennum sem eru á viðkvæmum aldri og falla oft milli kerfa þegar kemur að þjónustu, ábyrgð, úrræðum, forvörnum og samtali við ráðamenn. Starfsemi Plússins og Bergsins miðar að því að efla virka þátttöku og þekkingu ungmenna og auka tengsl þeirra við samfélagið.

Hér má sjá yfirlitsmynd af þeim þáttum sem Plúsinn mun standa að í sinni starfsemi

SAMFÉS

VERKEFNI PLÚSSINS

Ungt fólk og hvað?

Ungt fólk og hvað ? Hlaðvarp unnið og stýrt af ungu fólki fyrir ungt fólk, þar sem ungt fólk talar um málefni sem brenna á ungu fólki. Hlaðvarpinu stýra ungmenni úr ungmennaráði ungmennahúsa Samfés. Öll ungmenni á landinu geta sótt um að vera með þátt í hlaðvarpinu Ungt fólk og hvað? Einnig hefur verið opnað á Tiktok aðgang, Ungt fólk og hvað? Þættirnir koma út alla föstudaga og hafa þeir meðal annars fjallað um ungt fólk og fíkn, adhd, karlmennskuna og Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra kom til þeirra í spjall. Þættina er hægt að finna á öllum helstu streymisveitum. https://www.facebook.com/ungtfolkoghvad

Sófinn

Sófinn er spjallþáttur þar sem fólk af vettvangi kemur í Sófann og talar um hin ýmsu málefni tengd ungu fólki. Sófinn verður sendur út einu sinni í viku. Við höfum fengið til okkar Sólborgu sem hélt úti instagram síðunni Fávítar og Sigurþóru framkvæmdarstjóra Bergsins headspace í spjall, fagfólk af vettvangi hefur komið og rætt verkefni sín, eins og Flotinn, rafíþróttir og fleira.

Discord

SamfésPlús hefur stofnað rafræna félagsmiðstöð. Notast er við Discord samskiptamiðilinn þar sem fólk getur hist og spjallað með hljóðnema eða í textaform. Discord virkar eins og Zoom eða Skype en býður upp á meiri möguleika eins og rafíþróttir, leysa verkefni saman og taka þátt í fræðslum og fyrirlestrum. Samfés Discordið mun vera fyrsta rafræna félagsmiðstöð og ungmennahús á landinu sem sameinar allt ungt fólk. Þar verður boðið upp á spjall, fræðslu, tónlist og í raun öllu því sem ungt fólk hefur áhuga á.
Við höfum sem dæmi fengið með okkur í lið Siggu Dögg kynfræðing sem er með Kjaftað um kynlíf einu sinni í mánuði.

SAMFÉS



Samfés spjallið

Samfés spjallið er vettvangur þar sem fólk sem vinnur að málefnum ungs fólks getur komið inn á spjall einu sinni í viku og kastað á milli hugmyndum, fengið aðstoð og stuðning á þessum erfiðu tímum með breyttu landslagi vegna covid-19. Spjallið er einu sinni í viku og hefur vakið mikla lukku.

Fræðslur og fundir

Plúsinn er vettvangur fyrir starfsfólk til að leitað sér aukinnar þekkingar, fengið fræðslu um aðferðir og áhöld í starfi með ungu fólki og haft vettvang til að þróa sínar hugmyndir, verkefni og aðferðir með öðrum. Reglulegir fundir stjórnenda og starfsfólks ungmennahúsa.

Ráðgjöf

Bergið Headspace verður með sýna ráðgjafaþjónustu í sama húsi og Plúsinn, með þessari samnýtingu að sameina krafta og auka stuðning við ungt fólk. SamfésPlús og Bergið headspace eru komin í samstarf um að sameina undir einu þaki starf með ungu fólki á Íslandi. Samstarfið gengur því út á að ná til alls ungs fólks á landinu, tryggja samræmt faglegt og margþætt forvarnarstarf og snemmtæka íhlutun til að bæta andlega heilsu, geðheilbrigði, virkni og styrk ungs fólks til framtíðar.

SAMFÉS

Framundan

Húsnæði

Finna húsnæði fyrir starfsemi Plússins Þekkingarmiðstöðvar ungs fólks í samstarfi við Bergið headspace.

Ráðgjöf og stuðningur

Bergið Headspace verður með sýna ráðgjafaþjónustu í sama húsi og Plúsinn, með þessari samnýtingu að sameina krafta og auka stuðning við ungt fólk. SamfésPlús og Bergið headspace eru komin í samstarf um að sameina undir einu þaki starf með ungu fólki á Íslandi. Samstarfið gengur því út á að ná til alls ungs fólks á landinu, tryggja samræmt faglegt og margþætt forvarnarstarf og snemmtæka íhlutun til að bæta andlega heilsu, geðheilbrigði, virkni og styrk ungs fólks til framtíðar.

Samstarfsaðilar

Erum komin í samstarf við sem dæmi má nefna, Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Stígamót, Vaxa, Rannís og munu þessir samstarfsaðilar koma með okkur inn í húsnæði og veita þjónustu til ungmenna.

Rafíþróttir

Í rafíþróttastarfi Samfés og Plússins fer fram faglegt starf þar sem áhersla er lögð á að ná til ungs fólks. Nú á tímum COVID-19 er enn mikilvægara en áður að ná til unga fólksins, auka félagsfærni, draga úr félagslegri einangrun, virkja þau í daglegu starfi og í rafíþrótta klúbbum þar sem lögð er áhersla á faglega nálgun og heilbrigða spilahætti.

Hljóðver

Sett verður upp hljóðver þar sem hægt verður að taka upp hlaðvörp, vefþætti og streyma þáttunum í góðum gæðum. Einnig verður hægt að taka upp tónlist. Þessi aðstaða verður í boði fyrir öll ungmenni á landinu.

Vinnustofur fyrir og hópastarf 16+

Vera reglulega með lengri námskeið fyrir ungmenni á aldrinum 16+ þar sem við gefum ungu fólki tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, læra eitthvað nýtt eða vinna með sjálfsstyrkingu.

Aðstaða

Vera með aðstöðu þar sem ungmenni geta komið inn fengið sér kaffi, lært, eða nýtt aðstöðuna.

Tengja saman fagaðila sem vinna með 16+

Vinna náið með þeim sem eru að vinna með aldrinum 16+ og safna saman upplýsingum um hvar ungt fólk getur fengið ráðgjöf eða aðra þjónustu.

Evrópuverkefni

Vettvangsferðir
SamfésPlús mun sækja um styrki til að geta boðið upp á vettvangsferði fyrir fólk sem starfar í félagsmiðstöðvum, ungmennahúsum eða að málefnum ungs fólks geti farið saman erlendis.

Sjálfboðaliðaverkefni
Í Plússnum munum við vinna með sjálfboðaliðum, taka á móti erlendum sjálfboðaliðum og aðstoða ungmenni við að taka þátt í verkefnum í gegnum Erasmus+

Ungmennaskiptiverkefni
Aðstoða hópa og ungmenni að sækja um og að taka þátt í ungmennaskiptaverkefnum erlendis í gegnum Erasmus+.

SAMFÉS

FRAMTÍÐARSÝN

Það er mikil reynsla og þekking til staðar á þörfum ungs fólks dreift á hina ýmsu aðila sem starfa með ungu fólki eins og t.d. ungmennahús, félagsmiðstöðvar, frjáls félagasamtök, íþróttarfélög ofl. Plúsinn verður til framtíðar sá vettvangur þar sem fagaðilar og aðrir sem starfa með ungu fólki geti komið saman, stutt hvort annað og byggt upp starf á gangreyndri þekkingu og traustum rekstrargrunni, sem er faglegt , öruggt og aðgengilegt fyrir alla.

Við viljum auka samvinnu og samþættingu með það að markmiði að efla starfið í þágu ungs fólks.

MIKILVÆGI

Tíminn er NÚNA til að vinna gegn neikvæðum langtímaafleiðingum Covid-19 á líf og heilsu ungs fólks.

Samfés og Bergið hafa til að bera tengslanet og víðtæka faglega þekkingu sem hægt er að virkja með öflugum hætti á skömmum tíma með ykkar styrk og stuðningi.

Seinna er of seint í að fást við neikvæðar afleiðingar áfalla.